

106
31. okt.

REGLUGERÐ

um

einkasölu á útvarpstækjum.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 62, 16. maí 1930 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Ríkisútvarpinu er falið að stofnsetja og hafa yfirumsjón með einkasölu á viðtækjum útvarps, varahlutum slíkra tækja og öðru efni, sem aðallega er notað í sambandi við þau, svo sem viðtækjalampar (receiving valves), afriðilslampar (rectifying valves), þéttar (radio condensers) og aðrir hlutir til deyfingar útvarpstruflana, spólur (radio coils, chokes), spennar (radio transformers), viðnám (radio resistances), rafgeymar (radio accumulators), rafvirki (radio batteries), netspennutæki (mains units), afriðlar (rectifiers), gjallarhorn (loud speakers), heyrnartól (radio headphones).

Undir einkasöluna falla og önnur tæki, þar sem viðtækjahlutar (lampar, spennar) eru notaðir, svo sem hljóðmagnarar, hvort sem þeir eru sérstakir eða sambyggðir hljóðfara (grammofon). Loftskæptaviðtæki og viðtæki fyrir myndaútvarp falla undir einkasöluna. Undanþegnar einkasölu eru eftirtaldir vörur: Sendistöðvar, sem eru byggðar með sérstökum sendilömpum (stærri en viðtækjalampar) og öðru sendiefni, rafgeymar, sem eru stærri en svo að þeir verði yfirleitt notaðir í sambandi við viðtæki, svo sem samfastir 6 volta bílarafgeymar, rafgeymar fyrir rafmagnsljósastöðvar, 1½ volts rafhlöður fyrir síma, dyrabjöllur, rafmagnshljóddósir, loftnetsvír, egg-einangrarar, inntök loftnetskiptar og loftnetsvör. Hleðslutæki með afriðilslampa heyra ekki undir einkasöluna, ef þau eru stærri en svo að þau séu ætluð útvarpsrafgeymum.

Einkasala þessi nefnist: Viðtækjaverzlun ríkisins.

Um innflutning á þeim framantöldum einkasöluvörum, sem Landssíminn kann að þurfa til eigin nota, fer eftir samningi milli hans og Viðtækjaverzlunar ríkisins. Náist eigi samkomulag, sker ráðherra úr ágreiningi.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður framkvæmdastjóra einkasöluvarinnar og ákveður laun hans, að fengnum tillögum útvarpstjóra. Framkvæmdastjórinn sér um daglegan rekstur einkasöluvarinnar, hefir á hendi fjárreiður hennar og reikningshald. Hann ræður aðra starfsmenn einkasöluvarinnar og ákveður kaup

þeirra í samráði við útvarpsstjóra og að fengnu samþykki atvinnuáráð- **106**
 herra. Hann sendir um hver áramót glögg reikningsskil einkasölnunnar til skrif- 31. okt.
 stofu útvarpsstjóra.

3. gr.

Reikningar einkasölnunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum út-
 varpsins.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram nægilegt fé til reksturs einkasölnunnar. Ágóði,
 sem verða kann á einkasölnunnar, rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Einkasalan hefir hæfilegar vörubirgðir í Reykjavík. Hún gerir samn-
 inga við menn eða félög umhverfis landið, eins marga og þörf krefur, um að
 hafa á hendi sölu til einstaklinga ásamt uppsetningu viðtækja og viðgerðir
 þeirra, gegn sanngjarnri borgun, eftir nánari ákvæðum í samningi. Hún skal
 kosta fyllsta kapps um, að tryggja með samningi örugg skil af hálfu útsölu-
 manna. Þóknun útsölmanna skal vera tiltekinn hundradshluti af útsöluverði
 tækis eða tækishluta eftir nánari ákvæðum í samningi.

6. gr.

Framkvæmdastjóri einkasölnunnar ákveður í samráði við útvarpsstjóra
 og verkfræðing útvarpsins, hvaða tegundir viðtækja einkasalan hefir á boð-
 stólum á hverjum tíma og ákveður jafnframt hámarksverð þeirra. Einkasal-
 an skal ávallt hafa fyrirbyggjandi varahluta þeirra viðtækja, er hún hefir til
 sölu og mælir með.

7. gr.

Heimilt er hverjum landsmanni að panta hjá einkasölnunnar hvaða við-
 tæki, sem fáanlegt er á heimsmarkaðinum, svo og varahluta slíkra tækja, með
 hæfilegum fyrirvara.

8. gr.

Heimilt er einkasölnunnar að semja við tækjasala um kaup á þeim við-
 tækjum, er þeir hafa fyrirbyggjandi, þegar einkasalan hefst. Forstjóri einka-
 sölnunnar ákveður verð tækjanna. Ennfremur er einkasölnunnar heimilt að kaupa
 hverskonar viðtæki, er hún telur góð og seljanleg, ef eigendur þeirra geta
 sannað, að þau séu þeirra eign, en ekki í umboðssölu. Ennfremur er einkasöl-

106 unni heimilt að leyfa sölu á þegar innfluttum viðtækjum gegn ákveðinni
31. okt. greiðslu af verði hvers tækis eða tækishluta til Viðtækjaverzlunar ríkisins eftir þar um gerðum samningi.

9. gr.

Ágreining, sem kann að risa út af reglugerð þessari, úrskurðar atvinnumálaráðherra. Þetta skerðir þó ekki rétt einstaklinga til að leita úrskurðar dómstólanna.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. greinar þessarar reglugerðar varða sektum frá 200 til 20.000 kr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

107
1. nóv.

Bréf fjármálaráðuneytisins til allra skattanefnda, um framtal til tekju- og eignarskatts.

Við athugun á framtölum til tekju- og eignarskatts úr nokkrum kaupstöðum og hreppum, hefir það komið í ljós, að eigi hefir gildandi lögum um tekju- og eignarskatt verið beitt sem skyldi, og að nokkurs ósamræmis gæfir um framkvæmd þeirra. Er þetta mjög óheppilegt, þar sem borgarar ríkisins eiga rétt á að eitt sé látið yfir alla ganga í þessum efnum. Finnur ráðuneytið því ástæðu til að senda skattanefndum eftirfarandi athugasemdir og leiðbeiningar.

1. Í 33. gr. laga nr. 74, frá 1921, eru ákvæði um, að afla beri upplýsinga ef framtalsskýrslur þyki tortryggilegar eða áætla tekjur þeirra og eignir, sem svo er ástatt um, ef ekki fást fullnægjandi upplýsingar. Telji menn ekki fram, ber nefndum að áætla tekjur þeirra og eign „svo riflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun rétttri“.

Er afar áriðandi, að menn græði ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndum, og hinsvegar hægt að gera mönnum fyllilega rétt til með því að lækka skattinn eftir á samkvæmt kærðu, ef henni fylgja nægar upplýsingar um, að skatturinn hafi verið of hátt settur (sbr. þó 44. gr.